

# Formannafundur Landssambands hestamannafélaga

4.nóvember 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal



ÍÞRÓTT · MENNING · LÍFSSTÍLL

# Formannafundur LH

4.nóvember 2011

Haraldur Þórarinnsson (HP) stingur upp á Jóni Albert Sigurbjörnssyni (JA) sem fundarstjóra og Önnu Lilju Pétursdóttur sem fundarritara. Þær tillögur eru samþykktar og fundur er settur.

JA biður alla fundargesti að standa upp og kynna sig.

## Skýrsla stjórnar – sjá glærusýningu

Fyrst á dagskrá er skýrsla stjórnar LH. Farið verður yfir reikninga LH en JA ítrekar aðeins sé um kynningu á reikningunum, skoðunarmenn eigi eftir að fara betur yfir. HP kynnir skýrslu LH.

Í upphafi fer HP yfir **starfsmannamál** á skrifstofu LH, nefndir LH og þau agamál sem tekin voru fyrir. Hann ræðir dómaramál sem alltaf eru í umræðunni.

Verið er að vinna að verkefni með Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri þar sem **dómaramál** eru kynnt frekar og allt í kringum dóma á íslenska hestinum.

HP ræðir einnig um **reiðvegamál**, og segir þann málaflokk vera gríðarmikilvægan. Þessi málaflokkur hefur verið á fjárlögum lengi og nokkuð vel hefur tekist að verja þann flokk en heildar framlag sem úthlutað er til reiðvega eru 94 milljónir. Um 20% af þeim gjaldeyri sem verður eftir í landinu kemur vegna íslenska hestsins. Hesturinn er því að skila gríðarmiklu inn í þjóðarbúið. Hestamenn væru mjög vel settir ef þeir fengju einhverjar prósentur af þessari upphæð, og það er næsta stóra baráttumál, að fá í gegn að fá t.d. hálf prósent af þessari upphæð aftur til hestamanna.

HP nefnir **kortasjónna**, og að hugmyndin sé sú að vera með allar reiðgötur inni í kortasjónni í framtíðinni. Áhugi hefur komið frá UMFÍ og fleiri aðilum um að fá hlut í kortasjónni, að geta nýtt sér hana líka.

**Æskulýðsmál.** Þau mál eru hornsteininn að öllu okkar starfi og skipta gríðarmiklu máli. Það sama má segja um **menntamálin**. Þessi tvö mál eru lykillinn að því að okkur fjölgi í hestamenskunni og að koma þessum málum inn í framhaldsskólana myndi skipta miklu máli. Hægt hefur gengið að ná því markmiði en þó er enn verið að vinna að því að reyna ná þessu. LH ber samkvæmt lögum að útbreiða sem víðast og fræða ungdóminn um hestamenskuna.

HP ræðir um **landslíðsmál** og segir það alltaf verða erfiðara og erfiðara að ná góðum árangri. Samkeppnisaðilar okkar úti í heim eru sífellt að verða betri og svo auðvitað hjálpar það okkur ekki að þurfa alltaf að skilja okkar góðu hesta eftir að loknum mótum erlendis.

HP ræðir **Landsmót**, segir mótið í sumar hafa tekist vel þrátt fyrir erfiða byrjun. Mótin eru gríðarlega mikilvægt hestamenskunni í landinu og eiga að standa vörð um íslenska hestinn.

Varðandi **mótahald** segir HP að spurning sé hvort þurfi að hugsa þetta allt upp á nýtt og hvort LH eigi að fara beita sér fyrir eigin mótaröð. Það er dýrt að halda mót og dómarakostnaður er oft erfiður fyrir litlu félögin úti á landi.

Menn hafa rætt það hvort íslenski hesturinn komist á **ólympuleikana**, vegna aðildar okkar að FEI.

HP ræðir **hestadaga í Reykjavík**. Hugmynd hefur komið upp hvort hægt sé að halda þá líka úti á landi, þar sem ræktendur myndu bjóða fólki heim ásamt hestafyrirtækjum.

HP ræðir val á **LM stöðum fyrir 2014 og 2016**. Stefnan sett á að velja mótsstaði í lok nóvember.

Verkefnið „klár í keppni“ kom ekki vel út, skoðun á hrossum leiddi í ljós að nokkur hluti þeirra kom ekki nógu vel út, hrossin voru aum og með núningssár. Hugmynd að því að velferðarnefnd hrossa verði stofnuð, hagur hrossins á alltaf að vera í fyrirrúmi.

HP segir líka frá því að nú er möguleiki á því þegar komið er til landsins að hægt er að skila af sér **óhreinum reiðfatnaði** í Leifsstöð og hann er svo sendur til efnalaugar og svo sendur hreinn heim að dyrum. Þetta hefur verið töluvert mikið notað sem sýnir að þessar aðgerðir voru tímabærar.

Að lokum kynnir HP þær ályktanir sem teknar verða fyrir á eftir. Sjá glærusýningu.

HP minnir fólk á að nú sem aldrei fyrr er **starf LH og hestamannafélaga afar mikilvægt**, við verðum að halda hestinum sem menningarverðmæti á lofti.

### Umræða um reikninga:

**Sigrún Þórðar** kynnir reikninga LH frá 2010 og fyrri hluta árs 2011 (bráðabirgðauppgjör). Sjá skjal.

**Jón Albert** bíður þeim sem vilja ræða skýrslu stjórnar að koma í pontu.

**HP** kemur í pontu. Hann vill útskýra nánar þannig að menn átti sig á því að margt í þessum tölum er þannig að ef sótt er um **styrki** fara þeir oft í gegnum LH, s.s. sótt um styrki í gegnum LH, sem fara svo beint til viðkomandi, bara í gegnum LH. Hann tekur dæmi með Fjölbrautarskóla Suðurlands.

**Halldór Halldórsson** kemur í pontu. Hann vill leiðrétta með áhorf á **kortasjónna**. Í raun eru heimsóknir á ári um helmingi fleiri en fram kom í skýrslu LH. Hann ræðir líka styrki til **reiðvegagerðar**. Hann setur spurningarmerki við að þeir peningar sem koma inn til reiðvega, að þeim sé blandað saman við annað bókhald LH.

**Ólafur** í pontu, spyr út í **Sportfeng**, þegar hross er skráð til keppni en svo má skipta um hross á mótinu sjálfu, árangur hrossins sem keppir er síðan skráður á hrossið sem upphaflega var skráð til keppni. Oddur Hafsteins svarar þessu og segir þetta eiga að vera hægt að laga auðveldlega. Ólafur spyr líka um Felix, hvernig eigi að snúa sér í því að breyta um nafn á einstaklingi sem er skráður í Felix. Þá nefnir hann líka varðandi skráningarkerfi á mót, hversu mikið mál það er að skrá á mót, ásamt kostnaði við dómara á mótum. Hann hefur ekki á móti launakostnaði þeirra, en hefur mikið á móti öðrum kostnaði sem snýr að dómurum.

**Jónína Stefánsdóttir** í pontu. Hún ræðir **dómaramál og kostnað**, tekur heilshugar undir orð fyrri ræðumanns. Henni finnst þetta vera orðið allt of mikið, lítið félag getur ekki staðið undir ferðakostnaði sem er álíka mikill og launin sjálf. Hún hefur ekki á móti laununum sjálfum, en ferðakostnaðurinn er kominn upp úr öllu valdi og skemmir fyrir litlu félögunum. Hún afboðaði dómara í fyrra, vegna kostnaðar en sér fram á að hafa eingöngu efni á dómara í úrtökunum næsta vor, ekki á önnur mót. Hún segir félögin í Skagafirði vinna að því saman að standa vel að reiðvegamállum. Hún telur það gott ef hestamannafélögin geta komið sér saman um stóru málin. Hún segir æskulýðsmálin vera sameiginleg mál allra félaganna í Skagafirði og sú samvinna hefur reynst öllum mjög vel. Að lokum vill hún nefna **níðingsmálin** gegn hryssum sem komið hafa upp á Íslandi undanfarna mánuði, henni finnst þetta mál vera þaggað niður og skilur ekki afhverju. Hún spyr hvort einhver hestatengdur maður sé þarna að verki sem verið sé að fela?

**HP** segir LH hafa sent frá sér yfirlýsingu vegna **hestaníðsins**. Hann segir LH lítið annað geta gert nema hvetja til árvekni meðal hestamanna og segir lögregluna vera að vinna að þessu á fullu. Ekki sé vitað hver er að verki og því er ekki verið að vernda neinn eða nein þöggun í gangi.

**Oddur Hafsteins** í pontu. Hann ræðir verkefnið um **skráningarkerfi á mót**. LH á ekki mikið fjármagn og því var þarfagreining gerð og send inn í Háskólann í Reykjavík með von um að forritari tæki það að sér sem lokaverkefni að hanna nýtt kerfi. Það fékkst ekki í gegn en áfram er unnið að því að finna leið til að útbúa eitt heildstætt kerfi. Vonast er til að kerfið verði tilbúið fyrir næsta keppnisár.

**Steinunn frá Sóta**. Saknar þess að sjá ekki liðinn „önnur mál“ á dagskránni. Hún hefði viljað sjá þann lið og þá nota hann til að ræða sameiginleg mál milli félagana, geta skipst á upplýsingum og annað slíkt.

**Ása Hólmarsdóttir** frá Dreyra. Spyr hvort LH borgi **flutningskostnað** hrossa til fara út á **HM**? Hún tekur líka undir orð Steinunnar hjá LH, vill sjá meiri **jákvæð samskipti milli formanna**.

**Oddur** kemur í pontu til að svara varðandi **landslíðshrossin**. Í ár voru knapar í fyrsta skipti rukkaðir um flutningskostað hrossanna sinna. Landslíðsnefnd hefur áhyggjur af fjármagni og rekstri landslíðsins til lengri tíma og það þarf því markvisst að vera á tánnum varðandi rekstur landslíðsins.

**Kári Arnórsson** stendur upp til að þakka fyrir **skýrslur LH**, finnst þetta vera þarft verk, að sýna fólki hvaða starf er í gangi og starfsfólk og stjórnarmenn eiga þakkir skyldar fyrir þeirra störf. Hann ræðir **sameiningu félaga**, segir þá umræðu hafa verið í gangi í langan tíma en einhvern veginn komi sú umræða illa við fólk ef tillaga þess efnis komi að ofan.

**Bryndís frá Hornfirðingi** segir litlu félögin oft ekki finna fyrir því hvað er í gangi innan LH. Hún leggur til að **fjarfundarbúnaður** verði notaður til að tengja litlu félögin við stóra batteríið fyrir sunnan. Slíkt myndi spara fjárhæðir fyrir þá sem þurfa að koma lengst að og því tilvalið að nota búnaðinn þegar það er hægt. Varðandi dómaramálin er það þannig að Hornfirðingur hugsar vandlega um það áður en dómara eru pantaðir. Þeir koma langt að og þurfa gistingu og er því oft komið fyrir í heimahúsum. Henni líst vel á að stofnaður verði **jöfnunarsjóður** sem félögin borgi í og hægt verður að sækja pening í til að greiða kostnað við komu dómara.

### **Afhending æskulýðsbikars LH**

Helga formaður æskulýðsnefndar afhendir. Að þessu sinni er æskulýðsbikarinn afhentur hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ fyrir frábært starf.

## **Hádegishlé**

### **Landsmót hestamanna**

**Haraldur Örn Gunnarsson** framkvæmdarstjóri Landsmóts og Guðjón Magnússon gjaldkeri LM taka til máls.

HÖG byrjar að ræða mótið sem leið, **LM2011**. Aldrei fleiri hross tekið þátt eins og síðasta sumar og það er því góð vísending um hversu mikilvægt var að halda mótið í sumar sem leið. Varðandi samstarf LM þá er það gífurlega mikilvægt fyrir LM að vera í góðu sambandi við sveitarfélög viðkomandi staða. LM er **risaíþróttaviðburður** og allir þurfa að leggjast á eitt til að vel takist til með slíkan viðburð. Þær hamfarir sem dundu á okkur 2010 í formi hestapestarinnar lagði LM nánast á hliðina. Afar mikilvægt að hestamenn fylki liði og standi bakvið mótið, þrátt fyrir óánægju með staðarval. Á meðan móti stendur eru starfsmenn LM 300-400 manns, mikill hluti þeirra kemur frá hestamannafélögunum.

HÖG var hræður yfir tryggð og trúfestu manna við LM, allir lögðust á eitt við að gera þetta að sem glæsilegustu móti.

HÖG segir mikilvægt að menn hlusti á þarfir mótsins, ljósleiðari verður að vera til staðar, til dæmis varðandi upptökur og annað slíkt. Öðruvísi sé ekki hægt að halda mót í samræmi við nútímakröfur.

HÖG segir frá því að póstur hafi verið sendur á formenn félaga til að ná sjálfboðaliðum út úr hestamannafélögunum, til að byrja með voru heimtur lélegar. Jónína hjá Stígandi kom sterk inn og Skagfirðingar voru duglegir að manna vaktir. Af 47 hestamannafélögum tóku 17 félög þátt í að manna sjálfboðaliðavaktir.

Það eru vissulega hestamannafélögin sem halda mannauð LM uppi. En ennþá er verið að greiða fyrir alla vinnu, sem hefur reynst mótinu mjög erfitt. Það er í raun ekkert til sem heitir sjálfboðaliðar því allir eru að fá greitt fyrir vinnuna.

Varðandi **LM 2012** segir HÖG að undirbúningur sé vel á veg kominn, mikið starf hafi verið unnið í tengslum við undirbúning fyrir LM2011 og það sé að koma sér vel núna. Skipaðar hafa verið nefndir sem koma að undirbúningi mótsins 2012 í samstarfi við starfsmenn mótsins og stjórn. Hlutverk nefndanna er að koma með góðar hugmyndir upp í stjórn og framkvæmdanefnd.

Að lokum segir HÖG fundargestum frá sjónvarpi LM. Boðið var upp á streymi frá mótinu 2011 og það verður áfram 2012. Nú er verið að bjóða upp á áskrift til 12 mánaða (og styttri áskriftir) þar sem fólk kemst í allar upptökur frá mótinu. Sjá glærusýningu HÖG til nánari útskýringar.

Jón Albert segir stofnun hlutafélagsins einmitt hafa verið gerða með þetta að leiðarljósi, að landsmót yrði svokallað þróunarfélag, væri í stöðugri þróun og að bæta sig, til dæmis hvað varðar upptöku á mótum.

**Guðjón Magnússon** gjaldkeri LM í pontu. GM byrjar að þakka fyrir æskulýðsbikarinn sem Hörður hlaut (GM er formaður Harðar). Hann segist halda að það að reka LM sem einkahlutafélag sé ekki að gera því gagn, frekar meira ógagn. Hann segist frekar vera á þeirri skoðun að þetta sé rekið sem deild innan LH. Guðjón segir að 2010 hafi LM ekki fengið lán frá Byggðastofnun nema gegn tryggingu frá LH og Bl. Þegar sótt var um að fresta fyrstu greiðslum á láninu var þeirri beiðni synjað, sem sýnir að mati Guðjóns hversu veikt ehf.-formið er. Hann tekur undir með HÖG og segir það vera mjög erfitt að fá sjálfboðaliða til að starfa fyrir LM, líkir þessu við vertíð þegar LM mætir á svæðið og að mótinu hefur hvergi verið gefið grið. Fólk æst að ná sem mestum pening út úr LM fyrir vinnu sína í tengslum við mótið Hann segir ársskýrslur LM undanfarinna ára vera sláandi. Hann vill að þetta verði fært aftur til félaganna og telur að þá myndu menn haga sér eins og gert er í kringum íslandsmót, þá tekur félagið sem heldur mótið vel á móti gestum sínum, án þess að taka greiðslur fyrir.

Þegar lá fyrir að milljónatap væri á rekstri LM var farið í samstarf við sveitarfélagið Skagafjörð og stóð sveitarfélagið þétt við bakið á LM, ásamt ágætu samstarfi við Gullhyl, rekstrarfélags Vindheimamela og í staðinn náðist að skila mótinu 2011 á núlli.

Guðjón segir að ársskýrslur LM verði í framtíðinni opnar öllum og birtar á netinu fyrir þá sem það vilja. Hann segir frá því að óskað hafi verið eftir sjálfboðaliðum í félögunum sem LM borgaði 1500 kr á tímann fyrir. Með þessu móti átti peningurinn að lenda hjá félaginu sjálfu og LM fékk í staðinn starfskraft.

Eftir frestun móts 2010 var allt eigið fé félagsins uppuríð, og lán hafði verið tekið hjá Byggðastofnun. Þannig var beint tap sem rekja má til niðurfellingar mótsins 2010 um 30 milljónir. Það stefndi í 35 milljóna tap á mótinu 2011 en með niðurskurði tókst að afstýra því tapi og mótið 2011 er nokkurn veginn á núlli. Eftir stendur þó tapið síðan 2010, neikvætt eigið fé er 17 milljónir. Guðjón segir það

ljóst að breyta þurfi formi LM verulega, hann er þó ekki að meina mótið sjálf, það telur hann til fyrirmyndar. En það er félagslega og fjárhagslega umgjörðin sem verður að taka á. Hann segir að félögin sem standa að mótinu verða að koma til móts við LM. Svæðin sem mótin eru haldin á hafa fengið miklar fjárhæðir frá sveitarfélögum og öðrum sjóðum en þrátt fyrir það virðist alltaf eitthvað vanta upp á til að geta gengið sómasamlega frá svæðinu. Þetta veldur svo togstreitu milli LM ehf. og rekstaraðila svæðanna, sem eru oft líka einkahlutafélag.

Hann nefnir tengla og tjöld, sem áður hafa alltaf verið leigð að utan með miklum tilkostnaði. Í ljós kom að UMFÍ á bæði tjöld og tengla til að deila með okkur. Núna hefur LM ehf. keypt sig inn í tenglasafn UMFÍ, og á því rafmagnstengla við komandi mót.

Að lokum segir Guðjón frá starfi Harðar, hvernig félagið hafi ákveðið að gefa til baka til samfélagsins, hafa haldið námskeið fyrir fatlaða, íþróttamót fyrir fatlaða, veislu á elliheimili og annað slíkt. Hann segir að fólki finnist gott að gefa og fyrst þetta hafi verið hægt í Mosó, að gefa tilbaka en vera samt eitt best rekna íþróttafélag landsins á sama tíma, þá hlýtur LM líka að geta gert þetta, við verðum að virkja mannauðinn sem er í hestamannafélagunum.

**Jón Albert** opnar fyrir almennar umræður um Landsmót hestamanna.

**Stefán** í pontu. Hann þakkar Guðjóni fyrir góða ræðu og segist vera afar hrifinn af því sem þar kom fram. Hann segist ekki hafa skilið þann hugsunarhátt sem lá að baki þegar LM var breytt í einkahlutafélag. Lánastofnanir lána ekki út á andlit segir hann, og er sammála GM að breyta þurfi þessu yfir í félagslega formið. Það eru hestamenn sem eru að halda þessi mót, og það er fyrir okkur gert, sem og landið í heild og þess vegna er ábyrgðin okkar.

**Rúnar** frá Fákí. Hann fagnar ræðu GM og segir þau orð í tíma töluð. Businesshugsunin innan LM er liðin tíð segir hann. Við ættum að hugsa vel um það hvað við viljum gera og hvernig við ætlum að fara að því. Hann segist sakna þess á fundinum að sjá ekki áætlun fyrir LM 2012. Fákur er ekki rekið sem einkahlutafélag og hann segir að Fákur reyni að koma því út til félagsmanna sinna að taka vel á móti gestum í sumar, opna hús sín fyrir þeim. Hann segir líka að Reykjavíkurborg hafi stutt vel við bakið á Fákí í tengslum við mótið næsta sumar. Rúnar vill að LM losi sig við ehf. endinguna.

**Jónína Stefánsdóttir** í pontu. Þakkar GM fyrir ræðuna og segir þau orð í tíma töluð og það þurfi að stokka upp fyrirkomulagið á mótunum. Hún er viss um það að félögin geta komið vel að þessu og staðið saman. Það á þó ekki að leggja LM niður heldur taka upp betra samband við LM og segist sjaldan hafa unnið með eins góðu og skipulögðu fólki og starfsfólki LM á Vindheimamelum í sumar og það væri hægt að leita til þess fólks þó heimamenn sæju um skipulagninguna. Hún segir að við eigum ekki að vera feimin við að taka til hendinni, við verðum að leggja eitthvað til, til að þetta gangi sem best upp.

### **Kynning á skýrslu um Landsmót:**

Jón Albert kynnir Sveinbjörn í pontu.

Landsmót gerir miklar kröfur til mótssvæðanna sem og framkvæmdaraðilanna segir í skýrslunni. Í könnun Hjörnýjar segir að hesturinn sjálfur sem laðar gesti að mótunum og það er ánægja með núverandi fyrirkomulag móta. Þó beri að fækka hrossum, gæði frekar en magn. Stór hluti landsmótsgesta vill tvo landsmótsstaði, annan fyrir norðan og hinn fyrir sunnan (vindheimamelar og gaddstaðaflatir). Einkahlutafélag var stofnað um mótið í Reykjavík árið 2000. Talið var að þegar mótin væru með 2ja ára fresti ætti að halda þekkingunni á mótum innan saman batterís. Þess vegna segir

Sveinbjörn að LM ehf. hafi verið stofnað, til að halda þekkingunni innan sömu veggja. Að þegar Reykvíkingar klára að halda sitt mót árið 2000 þá eru ekki menn í Skagafirði að klóra sér í hausnum yfir mótinu 2002, og hvernig þeir ættu að halda það.

Sveinbjörn segir ferðabjónustaðila hafa komið að máli við nefndina og spurt hvort ekki væri hægt að færa mótin frammar, að allt sé fullbókað á þessum tíma og því erfitt að taka á móti gestum sem fylgja mótinu.

Nefndin segir að hámarkstími móts skuli vera 1 vika, annað sé of langt eða of stutt. Þá segir nefndin einnig að skoða skuli hvernig hross veljast inn á mótið.

Varðandi fjárhag og rekstur segir Sveinbjörn að viðunandi afkoma er algjör forsenda þess að mótin séu haldin. Það var lítil sem enginn hagnaður af mótunum 2002, 2004 og 2006 en sem betur fer var hagnaður af mótinu 2008, annars hefði mótið sem aldrei varð 2010 verið með enn hærra tap.

Styrkir frá opinberum aðilum vegna landsmótshalda:

- Vindheimamelar 66 milljónir
- LM ehf. 12 milljónir
- Gaddstaðaflatar 88 milljónir

**Sveinbjörn** ræðir ímynd LM, hana þarf að passa, t.d. að knapi sé ekki tekinn fullur meðan á móti stendur. Hann nefnir líka upptökur á mótinu, segir þau gæði vera með því besta sem gerist á landinu. Varðandi ímyndina þá segir að gæta skuli að henni, ekki að klína neinu öðru utan í hana.

**Staðarval** hefur oft valdið miklum deilum, þó sérstaklega 1990 og varðandi mótið 2012. Sett var á staðarvalsnefnd árið 2005 sem skilaði af sér tillögum 2006 þar sem talað var um mikilvægi þess að velja stað í tíma. Landsmótsnefndin segir að svæðið sem slíkt þurfi að uppfylla kröfur mannvirkjanefndar, sem og að uppfylla þarfir innlendra gesta (og erlendra), aðstaða fyrir hross þarf að vera góð, knapar þurfa að hafa góða aðstöðu, blaðamenn þurfa að hafa ágæta vinnuaðstöðu og loks að hugsa til félagslegs réttlætis. Niðurstaða nefndar er að hagstæðast sé að halda 2 mót fyrir sunnan á móti hverju 1 móti fyrir norðan. Þá nefnir nefndin líka að BÍ komi að staðarvali líka, þar sem LM er í eigu BÍ á móti LH.

**Stefán** í pontu. Stefán punktaði niður á flestum fundum í fundarherferðinni sem farin var í kringum landið. Helstu punktar sem komu fram:

**Reykjavík.** Þar kom fram punktur um að LM fengi litla umfjöllun í fjölmiðlum, sérstaklega hjá RÚV. Mótið í Skagafirði gott, en matarverð mjög hátt, okurleiga á aðstöðu og miðasala stórgölluð. Mælt var með því að færa mótin fram um 1-2 vikur. Einnig kom fram ánægja með fyrirkomulagið 1 mót fyrir norðan, 2 fyrir sunnan og lýst yfir áhuga á að halda LM 2018.

**Blönduós.** Þar var mikil andstaða við fyrirkomulagið 1 mót fyrir norðan, 2 fyrir sunnan. Nefnt var að allt hafi verið í steik á LM á Hellu, engin skjólbelti, allt rándýrt, engin klósett. Landsmót 2011 var notaleg samkoma sagði einhver og að fjöldinn hefði verið of mikill á Hellu og það væru ýkjur með okur í Skagafirði.

**Hornafjörður.** BÍ á að koma að ákvörðun að landsmótsstað. Efi varðandi mótið í Reykjavík. Leggja til að landsmótsstaðir verði tveir, norður og suður.

**Egilsstaðir.** Líst illa á mót í Rvk. Á móti hugmynd um 1-2 svæði. Allir peningar eigi að fara suður eða í Skagafjörðinn. LH þarf að styðja við fjórðungsmótin.

**Akureyri.** Flott ræktunarbússýning. Mótið of langt. Mikilvægt að halda í mannlífið, dansleiki og skemmtanir innan hóflegra marka.

**Hvanneyri.** Fyrir hvern er landsmót var spurt. Þátttaka fyrir börn og unglinga of kostnaðarsöm. Ber ekki nóg á LM í fjölmiðlum á meðan henni stendur. Aldrei að hafa tjaldstæðin eins og á Hellu 2008.

**Hvolsvelli.** Mótin of löng. Ákveða mótin með löngum fyrirvara. Hafa meiri tíma fyrir bestu hrossin. Breyta vali inn á mótin. Mótin 2-1 gott innlegg. Óhóflegar kröfur til hrossanna á meðan móti stendur. Ekki hækka lágmörk. Ekki fækka hrossum. Fækka kynbótahrossum. Setja niður dagafjöldann. LM á að vera stórviðburður. Mótið á að vera markaðsgluggi með ungmennafélagsanda. Hafa 2 velli. Hætta að sýna 4 vetra kynbótarhross. Hvað á eiginlega að byggja upp mörg svæði?

## **Hópavinna hefst. Fundarmönnum hefur verið skipt í 4 hópa.**

Hóparnir kynna niðurstöður sínar. Sjá spurningar í vinnuhópum á öftustu síðu þessarar fundargerðar.

### **Hópur 1. Eyþór og Hjörtur.**

Sp. 1 Skiptar skoðanir í hópnum. Samvinna hestamannafélaga gæti haft í för með sér færri úrtökur. Það þyrfti þó að útfæra þetta mjög vel. Hópurinn vill halda svipuðum fjölda gæðinga. Við val á kynbótahrossi vill hópurinn halda sama fyrirkomulagi. Þau telja lágmörkin vera nægilega þröskulda til að halda þægilegum fjölda kynbótaahrossa á móti. Þau vilja hafa yfirlit á hringvelli plús beina braut.

Varðandi staðarval og aðbúnað segja þau að allir þættir sem taldir eru upp í spurningunni skipti máli hvað þetta varðar. Hópurinn segir að 1-2 fyrirkomulagið sé ekki gott. Mótin eigi að vera fyrir norðan og sunnan en fyrst og fremst eigi að horfa alltaf til þess hvort að staðirnir sjálfir séu í stakk búnir til að taka á móti mótinu. Landsmót skiptir miklu máli fyrir hestamennsku í landinu. Hagsmunir greinarinnar eigi alltaf að vera að leiðarljósi.

### **Hópur 2. Guðrún Magnúsdóttir**

Sp.1 Eitt félag ætti að hafa fastan fulltrúa og svo myndu lágmörk ráða við úrtökur fyrir mót. Fyrirkomulagið má vera óbreytt en skoða það þó að hafa 2 velli í gangi.

Sp.2 fyrirkomulagið er gott, en það mætti þó hækka lágmörkin.

Sp.3 það ætti ekki að dæma hrossin þegar þau eru komin á mót, heldur ætti bara að vera yfirlit og gera þetta áhorfendavænna. Tímamörk og yfirlit á hringvelli og breinni braut.

Sp.4 þetta er allt jafnmikilvægt en hagur hrossa á alltaf að vera í fyrirrúmi en hitt er svo jafnt, aðbúnaður gesta og keppenda.

Sp.5 heitar umræður um þetta og kosið um þetta innan nefndarinnar. Niðurstaðan er að 1 mót ætti að vera fyrir norðan og 1 fyrir sunna.

Sp. 6 já

Sp. 7 Hagur landsmóts í fyrirrúmi, það er allra mikiilvægast að fá fólk til að mæta á mót, þarf að horfa til þess.



### Hópur 3. Bryndís og Sigrún Þórðar

Sp.1 óbreytt staða en ef þarf að fækka hrossum á landsmóti verður sú aðferð notuð að fjöldi félagsmanna á bakvið hvern hest verði fjölgað.

Sp. 2 fyrirfram ákveðinn hámarksfjöldi í hverjum flokki

Sp.3 setja tímamörk í hverju holli á yfirlitssýningum. Ræddu hringvöll og beinan völl ekkert.

Sp.4 allt mikilvægt, en hrossið þó númer eitt

Sp. 5 hópurinn mjög ósammála. Sitt sýnist hverjum var í raun niðurstaðan.

Sp. 6 Að sjálfsögðu

Sp. 7 þetta er samtvinnað en svarið er hagsmunir Landsmóts

### Hópur 4.

Sp.1 óbreytt fyrirkomulag í barna og unglingsflokkin en einhver lágmörk í fullorðnisflokki.

Sp.2 hækka einkunnarlágmörk og fella út 4ja vetra flokkinn

Sp.3 fækka ferðum per hest, meira spennandi að hafa á hringvelli

Sp.4 röðunin er c-b-a. Vildi svo að einn aðila á LM sæi um keppnishrossin

Sp.5 skiptar skoðanir um þetta. Getum svarað eftir LM í Rvk

Sp. 6 Já

Sp.7 hagsmunir LM, hestarnir eiga að njóta vafans.

**Sveinbjörn** kemur aftur í pontu, áður en opnað er fyrir umræður. Hann tók eftir því að allir voru sammála um að LM skipti verulegu máli fyrir hestamenskuna í landinu. Yfirgnæfandi meirihluti virðist vera fyrir því hagsmunir LM skipti mestu máli í sambandi við staðarval. Menn eru greinilega íhaldssamir og vilja litlu breytu, fólk er ánægt með landsmótin eins og þau eru. Umræðan á að snúast um hvort við getum gert gott landsmót betra.

**Kristinn Guðnason** í pontu. Ánægður með að hagsmunir landsmót eiga að veða þingst þegar valinn er staður en um leið vilja menn þrengja hvernig staður er valinn. Hann telur það mikið atriði að fá mikinn fjölda fólks. Við þurfum að fá sem flest fólk til að auka hestamenskuna, það er alltaf sami kjarninn sem kemur, sama hvar mótið er haldið. Okkur vantar samt fleiri nýgræðinga á mót. Hann telur mót fyrir sunnan hagstæðari því þau fá inn meiri tekjur og fleiri gesti en mót fyrir norðan. Þetta er því það sem er hagstæðast fyrir mótið sjálft. Hann telur landsmót ehf ekki hafa verið stofnað sem gróðafyrirtæki en að við, hestamenn, höfum kannski misst sjónar á því sem skipti máli og einhverjir misst sig í græðgi. Á landsþingi í fyrra kom upp ályktun um að rangárbakkamenn hættu við að draga umsókn sína um LM 2014 tilbaka. Kristinn spyr, hvað þingheimur hafi verið að hugsa þá? Við verðum að fara taka afstöðu gagnvart landsmóti norður-suður. Hvar á það síðan að vera fyrir norðan, vindheimamelum, melgerðismelum, akureyri eða hvað? Hann vill síðan að BÍ verði með í vali á landsmótsstað, þeir eiga í fyrirtækinu og eru því ábyrgir líkt og LH þegar kemur að fjármálum LM. Þeir

eiga því að fá að taka þátt í svona stórri ákvörðun. Nú stöndum við frammi fyrir því að LM 2014 verði fyrir norðan, þrátt fyrir að menn segi að hagsmunir LM eigi alltaf að vera í fyrirrúmi, sem Kristni finnst frekar undarlegt. Hann telur þetta rekast á, þessi sjónarmið.

**Sigrún formaður FT** í pontu. Hún segir ljóst að flestir séu sammála um að hagur Landsmót er það sem skiptir alla mestu máli. Hún segir ljóst að staðfesting hafi fengist á því að fólk vilji í raun ekki miklu breyta og fólk vilji hafa marga hesta og margt fólk. Hestamenn eru fastheldnir. Þegar kemur að því að ræða LM sem markaðsmál þá fara allir í vörn og það lítur út fyrir að vera eitthvað gróðadæmi. Hún lítur á þetta sem markaðsmál allra hestamanna og segir að ræða þurfi það mál betur, svo fólk sé upplýst um það. Varðandi það hvort LM eigi að vera byggðamál eða ekki, hver á þá að borga, ef það á að vera svoleiðis? Hagsmunir Landsmóts...hvað er best fyrir þau, hvenær skila þau okkur sem mestu bæði félagslega og peningalega. Megum ekki bara alltaf á peningana, þetta skiptir líka gríðarmiklu máli félagslega.

**Hjörtur Einarsson** í pontu. Hann segir spurningar hafa verið leiðandi og því hafi það komið þannig út að hestamenn vildu engu breyta. Hann segir að hægt sé að gera dagskránni markvissari og láta þetta renna betur í gegn með betra skipulagi. Varðandi mótið 2010 þá voru skeiðkappreiðar, brekkan var tóm og ekki einu sinni annar hver hestur lá. Yfirlitssýningar kynbótahrossa taka gríðarlegan tíma og þar þarf einhverju að breyta. Síðasti dagur móts var stuttur en Hjörtur er ósammála því að börnin fái ekki sitt pláss þar. Það er hægt að hagræða dagskránni án þess að fella út mörg hross að mati Hjartar. Varðandi það að færa mótin fram um 1-2 vikur finnst honum tæpt, veðurfarslega séð.

**Rúnar** frá Fákí í pontu. Hann biður fundarmenn að hugsa þetta aðeins öðruvísi. Hesturinn er vissulega alltaf í forgrunni og á að vera það. Fjármál virðast alltaf vera eldfimt mál innan hestamanna. Núna eru ekki til peningar til að kynna mót næsta árs. Hann vill að sjóður sé búinn til sem hægt er að sækja í, til dæmis varðandi dómarakostnað og auglýsingar þannig að LH geti aðstoðað þau félög sem þess þurfa. Hann vill að 2 mót verði fyrir sunnan (þaraf eitt í Reykjavík) og 1 fyrir norðan til að geta safnað í þennan sjóð. Rúnar vill fá 15 þús gesti í Víðidal og finnst svekkjandi að fjárhagsáætlun ársins miðist við 8 þús gesti, það væri bara fíaskó að hans mati. Þess vegna þurfum við að hugsa þetta allt upp á nýtt, ræða peningamál og taka skynsamur ákvarðanir í samræmi við það.

**Marínó** í pontu. Hann segir fundinn hafa náð að kjarnanum, peningar verða alltaf kjarninn í öllum umræðum, sérstaklega hvað LM varðar. Ræðir sameininguna sem varð til þess að LH varð til. Hann vísar líka í orð Rúnars varðandi það hvað það er miklu hagstæðara að halda mót í rvk en úti á landi, og er ekki sammála. Hann segir vestfirðinga hafa orðið fyrir því óláni að hafa komið liðinu sínu upp í 1.deild. til að mega spila á eigin velli skikkar KSÍ þá til að byggja 70 milljóna stúku, mótframlag KSÍ er 10 milljónir og þarna er því verið að dæma þá til að borga 60 milljónir í stúkuna. Þetta kallar á fjársveldi hjá öllum íþróttafélögum á Vestfjörðum. Hann vill meina að í kjölfar 1-2 fyrirkomulagins verði þetta fljótlega orðið þannig að 3 mót verði fyrir sunnan og 1 annars staðar og loks endi það þannig að öll mót verði fyrir sunnan. Hann vill líka meina að spurningar sem hóparnir unnu með hefðu verið leiðandi, líkt og Hjörtur nefndi. Hver og einn svarar þeim út frá sínum forsendum og hugtakið Landsmót er líka gríðarflókið fyrirbæri og víðfemt. Um leið og peningar verða til búum við okkur til enn einn gjaldalið sem við höfum efni á þann daginn. Svo kemur að því að við náum ekki að borga af öllum okkar gjaldaliðum. Sumir þeirra eru vissulega þarfir, en það virðist alltaf vera að bætast í hópinn, nýir og nýir gjaldaliðir.

**Jónína** í pontu. Hún vísar fullyrðingum Rúnars hjá Fákí á bug, um að ekki sé til nóg gistirými í Skagafirði. Les upp samantekt um landsmót í Skagafirði, segir kaldavatnslögn hafa verið lagða inn á svæðið, heitt vatn lagt inn á tjaldsvæði, reiðvellir teknir í gegn, þjónustusvæði malbikað svo eitthvað sé nefnt. Endurbætur á svæðinu eiga að gera það að verkum að Vindheimamelar skori hæst hvað

varðar mótasvæði á landinu. Nýlega fengu Vindheimamelar viðurkenningu fyrir snyrtilegt umhverfi. Framundan er áframhaldandi viðgerð á félagsheimilinu og gróðursetningu skjólbelta á tjaldsvæðum. Hún segir Skagfirðinga vera gestrisna og finnst gaman að taka á móti gestum. Skagfirðingar bjóða fram sitt glæsilega svæði undir landsmót 2014. Jónína benti á að landsmót hafa í 50 ár verið haldin til skiptis norðanlands og sunnan. „Ef það er ekki hefð, þá veit ég ekki hvað hefð er“, sagði Jónína og lauk máli sínu.

**Ólafur** í pontu. Við viljum fá sem flesta ferðamenn til landsins á mót og ef mótið verður fært fram um 1-2 vikur þá erum við komin inn á skólatíma hjá börnum erlendis og það gæti fækkað gestum. Ef við ætlum að fá fólk á viðburð þá þarf að kosta inn þannig að fólk hafi efni á því. Ef 5 manna fjölskylda kemst ekki á LM nema borga 100.000 þá kemur hún ekki segir hann. Ef á að halda rekstri og staðarvali í sitthvoru lagi heldur Ólafur að rekstur LM sé ekki erfiður ef ekkert þarf að hugsa um staðarvalið. Rekstur og staðarval þarf þó að tvinnast saman að hans mati. Hann segir að menn þurfi að taka hvern lið fyrir sig og finna út afhverju verið sé að gera það og hvort liðurinn borgi sig. Hann segir engann vilja vinna sjálfbóðaliðavinnu fyrir ehf fyrirtæki en er fullviss um að menn muni gera það fyrir sitt hestamannafélag. Hann segir að ef ársreikningar LM hefðu alltaf verið gefnir út og birtir þá myndu menn í dag ekki hafa haldið allan þennan tíma að LM væri einhver moneymaker. Varðandi staðarval segir hann að halda þurfi rekstri svæðanna sem sér um mótið og rekstri LM aðskildu. Svo spyr hann í lokin hvað LH ætli að gera ef enginn sækir um að halda LM því enginn treystir sér til þess. Félaglegt gildi er stórt og mikilvægt atriði sem hafa þarf í huga varðandi LM og félagar í hestamannafélögum eru tilbúnir að vinna fyrir sitt félag, en ekki fyrir ehf.

**HÖG** í pontu. Varðandi kostnaðaráætlun fyrir LM 2012 sem Rúnar ræddi um segir Halli að lágmarksfjöldi gesta verði að vera tala sem við getum við pottþétt á að fá inn á mót. Núna er miðað við 8000 gesti, sem er algjört lágmark og ef það verður heildarfjöldi gesta er það vissulega afhröð. LM verður hinsvegar að geta staðið skil á hverri einustu krónu og það er hægt með raunhæfum fjárhagsáætlunum. Varðandi LM sjónvarpið telur Halli þetta vera gífurlegan tekjustofn fyrir mótið og sóknarfæri erlendis sem bíða okkar. Ef fólk mætir ekki á mót, þá er þessi valmöguleiki til staðar, að geta keypt sig inn á mótið. Varðandi miðaverðið segir hann að vikupassi á 10.000 krónur með öllum afsláttum er það lægsta sem hægt er að fara, hann treysti sér ekki að reka mótið ef passarnir eigi að vera ódýrari. Haraldur minnir formenn á að segja sínum félagsmönnum frá N1 kortinu, að haka við það þegar miði er keyptur og sækja þannig nokkrar krónur til síns félags. Stúkurnar eru þannig í ár að stúkan verður ekki flutt til landsins nema hún borgi sig, öðruvísi verður hún ekki pöntuð að utan.

**Andrea** frá Létti. Hún segir ekkert vera á Akureyri sem ekki er í Rvk nema húsdýragarður. Þar er alþjóðaflugvöllur og hún segir að landsmót þar verði glæsilegt, hvenær sem það verður haldið. Þegar kemur að landsbyggðinni þá er margt ódýrara þar heldur en hér í Rvk segir hún. Norðlendingar eru sammála um að vilja fá mótið norður, en Skagfirðingar og Eyfirðingar hafa þó ekki komist að nánara samkomulagi varðandi mótsstað þegar kemur að því að mótið komi aftur norður.

**Rúnar** frá Fáki. Stjórn Fáks hefur ákveðið að sækja um LM 2016 og Rúnar segir að umsókn þess efnis muni berast LH fljótlega. Hann segir að fyrir mótið næsta sumar komi 140 milljónir inn á svæðið, í undirbúning og annað. Hann skilur ekki af hverju ekki er búið að ákveða mótsstaði fyrir árin 2014, 2016 og 2018.

**Siggi Ævars**. Fólk vill ekki miklu breyta segir hann, þetta er í nokkuð góðum skorðum eins og það er. Að færa mót fram til að hafa pláss fyrir ferðafólk segir hann vera slæma hugmynd. Kúlturinn í hestamenskunni er þannig að hrossum er sleppt í kringum 15.júní og að þrengja að þessu er ekki góð hugmynd þar sem þetta eru oft stórir viðburðir hjá hestamönnum. Varðandi barnaflokkana vill Siggi heyra hvernig það hafi farið í fólk að blanda börnunum inn í dagskrá fullorðinna og færa úrslit

fram. Hið eiginlega mót byrjar á fimmtudagmorgni, þó auðvitað séu allir dagar mótsins landsmót. Hver flokkur á móti tekur ca 3 tíma, milliriðlar tæpir 3 tímar og þetta er afskaplega hnitmiðað og virðist virka vel og hann hvetur því fólk til að fara varlega í breytingar.

**NN** í pontu. Ræðir um hópreiðina. Segir þetta vera mikilvæga sýn fyrir þá sem taka þátt og eru gestir á landsmótum og sjá hópreiðina. Þetta er líka tækifæri fyrir hann almenna hestamann sem ekki tekur þátt í mótinu öðruvísi en í hópreiðinni, og að geta sýnt búning síns félags. Það er samt þannig að það gefst ekki öllum tækifæri á að taka þátt í hópreið þar sem það er gerð lágmarkskrafa um 6 aðila fyrir hvert félag. Hana langar að leggja til að hestamannafélögin sem eru að sjá um mótin að þau aðstoði litlu félögin sem komi að, leggja þeim til hross þannig að þau geti tekið þátt. Og það eigi ekki að vera lágmarksfjöldi frá hverju félagi, því sum félög valdi því bara ekki.

**Valur** frá Funa. Það liggur inni umsókn frá Funa um LM 2014 á Melgerðismelum og í ljósi félagslegs réttlætis eru þeir bjartsýnir á að fá mótið til sín. Hann segir að hagsmunir Landsmóts eigi að ráða för við val á stað, því það samvinnast svo saman við hagsmuni hestamannafélaganna. Hann spyr líka hvort hagsmunir LH séu stærri með því að bíða með ákvörðun um staðarval, heldur en hagsmunir þeirra sem bíða eftir að fá svar við sinni umsókn og eru þannig kannski að missa af dýrmætum tíma við undirbúning svæðisins.

**Kristinn Guðnason.** Hann tekur vel í það að dreifa úrslitum, líkt og Siggi talaði um áður. Varðandi það að flýta mótunum þá á veður ekki að skipta svo miklu máli heldur Kristinn því samkvæmt veðurfræðingi þá munar ekki svo miklu á veðri í lok júní eða í kringum 20.júní. Hann segir Gaddstaðaflatir alltaf hafa verið leiðandi í fjölda landsmótsgesta og að það hafi stundum gleymst í umræðunni.

### **Fyrirlestur frá Bjarna – íslenski hesturinn**

Á 5-6 árum hafa fjárframlög ríkisins til málefna íslenska hestsins verið um 2 milljarðar. Fundarstjóri spyr salinn hvort þeim finnist þessi fjárhæð hafa skilað sér inn í hestamenskuna. Fundarmönnum þótti Hólaskóli fyrirferðarmikill þarna og spyrja hvort þetta hafi verið í tengslum við fjölda nemenda eða slíkt. Bjarni segir tölurnar bara vera þær sem Hólaskóli gefur upp og þetta væru bara rekstrartölur fyrir skólann, hvort þær væru sérstaklega tengdar fjölda nemenda vissi hann ekki. Rúnar frá Faki og Úlfar frá Léttfeta fannst þessar tölur ekki háar miðað við hvað er lagt mikið í annað. Bjarni segir það mikilvægt að bakland hestamenskunnar komi fram sem sameinaður frontur ef sækja á fleiri og meiri styrki til hins opinbera. Miklar umræður skapast í salnum um þær tölur sem fyrirlesturinn sýndi. Hestamenn verða sjálfir að taka ákvörðun um hvort þessum peningum hafi verið vel varið áður en þeir fara að gera kröfur á að fá hærri fjárframlög.

### **Áframhaldandi umræður um Landsmót**

**Ólafur** í pontu. Hann telur að í sambandi við landsmót, ef sífelld er verið að eltast við það að fá fleira fólk þá gætu kröfurnar á því hvað gestirnir þurfi leitt okkur í ógöngur. Landsmótið þarf að hafa sérstöðu, það þarf að vera öðruvísi en önnur hestamannamót, öðruvísi en heimsmeistaramót því annars fara útlendingarnir bara á hm í staðinn. Ólafur spyr Rúnar varðandi fjárframlög frá Reykjavíkurborg, ef Fákur fékk 200 milljónir árið 2000 og eigi að fá 150 milljónir fyrir mót næsta ár finnst honum það ekki góð nýting á peningum.

**Helga** í pontu. Við verðum að hafa æskuna í forgrunni. Nú er umræða í gangi um að hafa keppni á tveimur völlum, börn og unglingar fengju þá aldrei áhorfendur á sinn völlum, ef einhver stórstjarna er í

braut á hinum velliðum. Fyrir börnin er þetta svo rosaleg upplifun að fá að keppa á landsmóti. Hún vill bara minna fólk á þetta áður en ákvörðun um 2 velli er tekin.

**Guðjón Magnússon** í pontu. Hann segist ekki hafa þann skilning á því að lágmarksfjöldi knapa frá einu hestamannafélagi sé 6 manns. Þetta er hvergi í lögum. Það voru hinsvegar ákveðin tilæmli frá þeim sem hönnuðu hópreiðina að það væri fallett að hafa 6,12, 18 knapa, upp á útlit reiðarinnar.

**Rúnar** frá Fáki. Fyrir mótið árið 2000 var byggð reiðhöll, skólplagnir teknar í gegn og völlum gerður hann vísar því á bug að um bruðl sé að ræða, þetta kostar allt hinsvegar mjög mikið.

**Haraldur Þórarinnsson** í pontu. Hann þakkar fyrir góða umræðu og segir að fagna skuli þeim peningum sem koma inn í hestamenskuna og gera kröfu á að þeir peningar nýtist sem best innan hestamenskunar. Við verðum líka að skilgreina okkur rétt, því meðan við erum ekki ákveðin hver við erum gengur ekki vel að sækja nýtt fjármagn. Við verðum að gefa ein skilaboð, standa sameinuð. Það gerist ekkert af sjálfu sér og hestafræðin innan Hólaskóla er orðin til vegna mikils starfs góðs fólks. Hann segir umræðuna um landsmót skemmtilega. Fyrstu 14 mótin sem haldin voru dreifðust á 2 staði, slík var fjölbreytnin þá. Að baki stofnunar Landsmót ehf. var ekkert nema góð hugsun, halda átti utan um þekkinguna með þessu móti. Síðan höfum við verið að þróa okkur áfram eins og við getum, við eigum alltaf að vera reyna bæta okkur. Hagsmunir Landsmóts á að ganga fyrir hagsmunum staðarhaldara, því þannig verður hagur mótsins og hestamannafélaga sem mestur og bestur. Eftir mótið í Skagafirði 1974 varsagt að mótið skyldi halda sem víðast, það gæfi góða raun. Það þarf að gæta að hagsmunum hestamanna á öllum stöðum (til dæmis í gegnum fjórðungsmótin), um leið og við reynum að efla hag landsmóts. Við erum farin að tala á mjög eigingjarnan hátt, ákveðin svæði telja sig eiga rétt á að halda mótin en þau eiga samt að vera þakklát fyrir að fá að halda mótið og ekki gleyma að það eru fleiri sem vilja komast að og eiga líka rétt á mótinu.

### **Önnur mál:**

**Gunnar Sturluson** í pontu. Hann ræðir málefni FEIF. Hann segir Jón Albert hafa lagt góðan grunn fyrir okkur Íslendinga þar og Gunnar treystir því að íslenskir hestamenn standi saman að baki LH í FEIF. Hann hvetur menn til að koma með tillögur að því sem betur má fara í gegnum hreyfinguna og um leið fylgjast með hvernig menn eru að fara að úti í heimi. Við megum ekki vera svo þrjós og þver að einhvers konar tvöfalt kerfi verið til, það verðir „þeir“ og „við“, slíkt er engum til góðs. Við verðum að bera fulla virðingu fyrir þeirri vinnu sem fram fer þarna úti en líta ekki svo á að þetta sé eitthvað sem truflar okkur í okkar hestamennsku hérna heima.

Annað, hestamenn verða að átta sig á því að komnar eru upp ákveðnar hindranir í því að ferðast um íslenska náttúru á hestbaki, líkt og félagar okkar í Evrópu þekkja vel. Að þessu er unnið innan FEIF og Gunnar hvetur hestamenn til að fylgjast með starfi FEIF í gegnum [www.feif.org](http://www.feif.org) hann ætlar að gera sitt besta til að koma okkar málefnum áfram en til þess þarf hann stuðnings íslenskra hestamanna.

**Þorri** í stúku. Einsog fram hefur komið hefur LH tekið upp samstarf við efnalaug um hreinsun á óhreinum reiðtygjum við komuna til landsins. Síðan þetta byrjaði hefur komið nánast vikulega nánast eitthvað sem fólk er að koma með óhreint í gegnum tollinn. Þetta er allt frá reiðtygjum, reiðhjálum upp í fulla kassa af notuðum bryningartækjum! Hann hvetur formenn til að kynna vel fyrir sínum félagsmönnum hvað má og hvað má ekki koma með til landsins og að allt þurfi að fara í gegnum rauða hliðið í Leifsstöð, við viljum ekki fá aðra pest til landsins. Siggi Ævars spyr hvort útlendingar hafa nýtt sér þetta og hvernig þetta er kynnt fyrir útlendingum í flugstöðinni. Þorri segir lítið sem ekkert koma frá útlendingum og þetta sé ekki sérstaklega vel kynnt í Leifsstöð á ensku.

**Ólafur** í pontu. Spyr hvað hreinsun kostar og hvað þetta taki langan tíma. Þorri segir þetta ekki mega taka skemmri tíma en 3 daga svo sóttþreinsiefni nái að virka eins og þau eiga að virka. Verðskrá er líkt og um venjulegan fatnað sé að ræða. Varðandi það að vera góður formaður, hvernig sé best að snúa sér í því starfi segir hann vanta leiðbeiningar um slíkt.

**Jónína** spyr hvort ekki sé ráð að útbúa einhvers konar formannakver, leiðbeiningarit fyrir formenn hestamannafélaga.

### **Ályktanir**

- 1.ályktun (Vatnajökulspjóðgarður) – allir samþykkir, lófatak
- 2.ályktun (fasteignaskattur hesthúsa) - allir samþykkir, lófatak
- 3.ályktun (samgöngunefnd LH) – allir samþykkir, lófatak
- 4.ályktun (samningur um varðveislu menningararfða) – samþykkt með lófataki

Dagskrá lokið. Haraldur Þórarinsson þakkar fyrir góðan fund og segir það nauðsynlegt fyrir formenn að hittast reglulega til að geta rætt hvað má betur fara. Haraldur þakkar fundarmönnum komuna og slítur fundi.

## Spurningar í vinnuhópum

- Hvernig sérðu fyrir þér val gæðinga og keppenda inn á LM?**
  - Óbreytt staða
  - Fyrirfram ákveðin einkunnalágmörk
  - Annað
- Hvernig sérðu fyrir þér val kynbótahrossa inn á LM?**
  - Óbreytt staða
  - Fyrirfram ákveðinn hámarksfjöldi í hverjum flokki
  - Annað
- Yfirlitssýningar kynbótahrossa:**
  - Óbreytt staða
  - Yfirlit á hringvelli + beinni braut
  - Takmarkaður fjöldi í yfirliti
  - Annað
- Aðbúnaður – Hvað af eftirfarandi þáttum teljið þið að eigi að hafa fyrst og fremst í huga varðandi staðarval landsmótanna?**
  - Aðbúnaður gesta
  - Aðbúnaður keppenda
  - Aðbúnaður keppnis- og sýningarhrossa
  - Annað
- Staðarval – Hvert er álit ykkar á þeirri hugmynd að halda landsmót tvisvar í röð á suðurlandi og einu sinni á norðurlandi.**
- Teljið þið að LM skipti verulegu máli fyrir hestamennskuna í landinu?**
- Hvað skal ráða för varðandi val á landsmótsstað, hagsmunir landsmóts eða hagsmunir viðkomandi svæða?**